



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 30. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 9. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. SEPTEMBER 2012

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 6. september 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Viðaukar við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2012.
2. Fjallskilamál: Gjaldskrá.
3. Heilsuþorp. Viljayfirlýsing Smart Cities International Ltd.
4. Sveitarfélagið Árborg: Tillaga að stofnun byggðasamlags um eignarhald á fasteignum vegna málefna fatlaðra.
5. Brunavarnir Árnassýslu. Stöðumat.
6. Fyrirhuguð hækkun VSK á gistipjónustu.
7. Uppskeruhátíð: Dagskrá.
8. Fréttaritari RÚV á Suðurlandi.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

9. Fræðslunefnd: Fundargerð 14. fundar vegna Undralands frá 28. ágúst. s.l.
10. Veitustjórn: Fundargerð 20. fundar frá 3. september s.l.  
-liggur frammi á fundinum-
11. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 13. fundar frá 27. ágúst s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

- 12.50. fundur skipulags og byggingarnefndar frá 23. ágúst 2012 og 84. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 15. ágúst 2012.
- 13.11.fundur stjórnar Skipulags- og byggingafultrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 23. ágúst 2012.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Sorpstöð Suðurlands bs. Fundargerð 218. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 9. ágúst 2012.
- b. Sorpstöð Suðurlands bs. Fundargerð 219. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 28. ágúst 2012.
- c. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. 456. fundur stjórnar SASS frá 2. maí 2012.
- d. Samtöksunnlenskra sveitarfélaga. 457. fundur stjórnar SASS frá 10. ágúst 2012.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 140. stjórnarfundar frá 30. ágúst s.l.

#### **Kynningarmál:**

- f. Golfklúbburinn Flúðum. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir starfsárið 2011.
- g. Ríkiskaup: Tilkynning vegna árgjalds.
- h. Fannborg: Minnisblað vegna viðhalds vegaslóða yfir Stóra Leppi.
- i. Fjármálaráðuneytið. Óskað eftir tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.
- j. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Skilgreining á skóladögum í grunnskólum.
- k. Umhverfisstofnun. Notkun vélknúinna ökutækja við leitir.
- l. Fornleifavernd ríkisins, minjavörður Suðurlands. Umsagnarbeiðni vegna Silfurmyri í Hrunamannahreppi - breyting á DSKL.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 10. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 17. ágúst 2012 og minnisblað vegna landskipulagsstefnu.
- n. Velferðarvaktin.
- o.

## **Skýrslur á skrifstofu:**

p. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2011.

## **Gengið til dagskrár:**

### **Erindi til hreppsnefndar:**

#### **1. Viðaukar við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2012.**

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2012. Breytingar á tekjuliðum eru upp á kr. 8.500.000 og útgjöldum upp á kr. 20.200.000. Þá er gert ráð fyrir hækkun vegna fjárfestinga um kr. 2.000.000. Vegna breytinga á tekjum og gjöldum þá nema nettóáhrif þessara breytinga aukin útgjöld upp á kr. 11.700.000 og fjárfestingahreyfinga um kr. 2.000.000. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 2.355.000. Útgjaldaaukningu skal mætt með handbæru fé og ekki er gert ráð fyrir lántökum. Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2012.

#### **2. Fjallskilamál: Gjaldskrá.**

Oddviti kynnti gjaldskrá fyrir fjallskil. Hreppsnefnd samþykkir að greiðsla fjallskila miðist áfram við óbreytt hlutfall af landverði eða 1,3% en gjald á hverja kind hækki úr kr. 68 í 71.

#### **3. Heilsuþorp. Viljayfirlýsing Smart Cities International Ltd.**

Oddviti kynnti viljayfirlýsingu frá Smart Cities International Ltd. vegna fjármögnunar Heilsuþorps á Flúðum. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með stöðu málsins.

#### **4. Sveitarfélagið Árborg: Tillaga að stofnun byggðasamlags um eignarhald á fasteignum vegna málefna fatlaðra.**

Oddviti kynnti erindi frá Sveitarfélaginu Árborg um tillögu að stofnun byggðasamlags um eignarhald á fasteignum vegna málefna fatlaðra. Hreppsnefnd frestar afgreiðslu málsins og vísar því til nefndar oddvita/sveitarstjóra (NOS) og Velferðarþjónustu Árneshöfna til umsagnar.

#### **5. Brunavarnir Árneshöfna. Stöðumat.**

Oddviti fór yfir stöðu málsins vegna áður framkominnar beiðni frá Brunavörnum Árneshöfna um möguleika á sameiningu við Slökkvilið Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir að fela Ragnari Magnússyni oddvita, Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra og Jóhanni Marelssyni slökkviliðsstjóra að halda áfram viðræðum við Brunavarnir Árneshöfna um mögulega sameiningu.

#### **6. Fyrirhuguð hækkun VSK á gistipjónustu.**

Oddviti kynnti áform ríkisstjórnarinnar um að hækka VSK á gistipjónustu. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hvetur stjórnvöld til þess að falla frá áformum um stórfelldar skattahækkanir sem munu skaða ferðapjónustuna. Ferðapjónusta er mikilvæg og vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu en hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7% í 25,5% mun hafa alvarleg áhrif á rekstrarumhverfi og samkeppnisstöðu greinarinnar.

Áhrif slíkar breytingar sé líkleg til að hafa sömu áhrif og að pissa í skóinn sinn. Afleiðingarnar verða m.a. hækkun verðbólgu sem hefði slæm áhrif á afkomu heimila. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps skorar á ríkisstjórn Íslands að styðja við og styrkja atvinnulífið með það að markmiði að fjölga störfum. Það verður ekki gert með því að stórauka álögur á ferðapjónustuna.

#### **7. Uppskeruhátíð: Dagskrá.**

Oddviti kynnti dagskrá Uppskeruhátíðar á Flúðum sem haldin verður laugardaginn 8. september. Hreppsnefnd hvetur alla til þátttöku í hátíðinni.

#### **8. Fréttaritari RÚV á Suðurlandi.**

Oddviti fór yfir þá ákvörðun RÚV að leggja niður stöðu fréttaritara RÚV á Suðurlandi frá og með 1. september s.l. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps lýsir yfir verulegum vonbrigðum með þá óheillavænlegu ákvörðun að fréttaritari RÚV á Suðurlandi hafi verið sagt upp störfum. Fréttarflutningur af Suðurlandi mun óhjákvæmilega skerðast verulega og það veldur ójafnræði milli landshluta. Fréttaritari RÚV á Suðurlandi hefur staðið sig með þryði og sent frá sér fjölbreyttar og jákvæðar fréttir sem almenn ánægja hefur ríkt með.

Um er að ræða klára þjónustuskerðingu og vanvirðingu við hagsmuni Suðurlands og landsbyggðarinnar sem ekki verður látin ótalin. RÚV er ekki til bara fyrir höfuðborgarsvæðið heldur landið allt og staðkunnugir fréttaritarar eru ómetanlegir fyrir hinar dreifðu byggðir. Sunnlendingar greiða útvarpsgjald eins og aðrir. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps skorar á fréttastjóra og yfirstjórn

RÚV að endurskoða ákvörðunina því vandséð er að henni fylgi nokkur hagræðing.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**9. Fræðslunefnd: Fundargerð 14. fundar vegna Undralands frá 28. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar Undralands. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra og samþykkt var að ráða starfsmann í stuðning vegna fatlaðs barns. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**10. Veitustjórn: Fundargerð 20. fundar frá 3. september s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 20. fundar veitustjórnar frá 3. september sl. Þar var lagt fram 6 mánaða uppgjör fyrir Hitaveitu Flúða, farið yfir aðalfund Hitaveitu Grafarhverfis ehf, kynnt yfirlit um notkun á köldu vatni í sumar, framkvæmdir við dælustöð í Ásabyggð ræddar sem og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**11. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 13. fundar frá 27. ágúst s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 13. fundar landbúnaðarnefndar frá 27. ágúst sl. Þar var raðað í leitir, fjallað um fjallskilamál og undirbúning rétta. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**12. 50. fundur skipulags og byggingarnefndar frá 23. ágúst 2012 og 84. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 15. ágúst 2012.**

Oddviti lagði fram 50. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 23. ágúst. Þar var lagt fram eitt sameiginlegt mál, fundargerð 84. afgreiðslufundar byggingafulltrúa. Engin mál voru tekin fyrir sem snertu Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.

**13. 11.fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 23. ágúst 2012.**

Oddviti lagði fram fundargerð 11. fundar frá 23. ágúst 2012. Þar var farið yfir erindi hreppsnefndar Ásahrepps um aðkomu að byggðasamlaginu og starfsmannamál skipulags- og byggingafulltrúa. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Sorpstöð Suðurlands bs. Fundargerð 218. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 9. ágúst 2012.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Sorpstöð Suðurlands bs. Fundargerð 219. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 28. ágúst 2012.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. 456. fundur stjórnar SASS frá 2. maí 2012.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. 457. fundur stjórnar SASS frá 10.ágúst 2012.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 140. stjórnarfundar frá 30. ágúst s.l.** Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- f. **Golfklúbburinn Flúðum. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir starfsárið 2011.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Ríkiskaup: Tilkyning vegna árgjalds.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Fannborg: Minnisblað vegna viðhalds vegaslóða yfir Stóra Leppi.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Fjármálaráðuneytið. Óskað eftir tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Skilgreining á skóladögum í grunnskólum.** Lagt fram til kynningar
- k. **Umhverfisstofnun. Notkun vélknúinna ökutækja við leitir.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Fornleifavernd ríkisins, minjavörður Suðurlands. Umsagnarbeiðni vegna Silfurmyri í Hrunamannahreppi - breyting á DSKL.** Lagt fram til kynningar.

- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 10. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 17. ágúst 2012 og minnisblað vegna landskipulagsstefnu.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Velferðarvaktin.** Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- o. **Byggðastofnun: Ársskýrsla 2011.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.